

MYNDLISTARNÁMSKEIÐ

Á námskeiðinu sem er ætlað bæði byrjendum og lengra komnum, verður leitast við að kynna grunnatriði myndlistar og mæta hverjum og einum nemenda þar sem hann er staddur.

Farið verður yfir:

- Val á litum og efnum
- Hvernig er best að byrja
- Lita og formfræði
- Val fyrirmynda
- Myndbygging og fjarvið

Gert er ráð fyrir að þátttakendur mæti með eigin pensla og blindamma eða annað til að mála á en hægt verður að fá afnota af akrýllitum á námskeiðinu.

Kennslan fer fram í húsnæði Reykjarhlíðarskóla dagana 5., 7., 19., og 21. maí frá kl. 18:00-20:30. Kennari er Trausti Ólafsson, myndlistarmaður frá Húsavík.

Síðasti skráningardagur er mánudaginn 4. maí.
Skráning í síma 4645100. Verð 18.500.-



SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRA

Styrkir til menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar

Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar auk stofn- og rekstarstyrkja til menningarmála.

Umsóknarfrestur til og með 13. maí.

📍 Nánari upplýsingar á www.eything.is og á uppbygging@eything.is



Atvinnuþróunarfélag
Þingeyinga hf.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

15. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 29. apríl 2015

Afmælisbörn dagana 30. apríl — 6. maí 2015

1. Jón Dagur Héðinsson.
2. Emil Birgisson, Stefán Örn Kristjánsson.
3. Brynja Ingólfssdóttir, Marge Neissar.
4. Agnes J. M. Lebeaupin, Edda Stefánsdóttir, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Rósa Emelía Sigurjónsdóttir.
5. Guðrún Þórarinsdóttir, Karítas Líf Þórarinsdóttir.
6. Ellert Rúnar Finnbogason, Pétur Þórir Gunnarsson, Sigríður Stefánsdóttir

Fjöregg heldur almennan félagsfund.

Almennur félagsfundur verður haldinn á Mannabar í Hótel Reyhlið annað kvöld, fimmtudag 30. apríl kl. 20:00.

Fundarefni:

1. Stefnuskra stjórnar, málefni og málþing á þessu ári.
2. Almennar umræður og huggulegheit, hvað brennur félagsmönnum á hjarta. Okkur í stjórn Fjöreggs langar mikið að heyra frá okkar góðu félagsmönnum.

Hittumst hress, fannbarin og með rjóðar kinnar og eigum notalega kvöldstund saman.

Kveðja, stjórnin.



Fjöregg



Frá Íþróttamiðstöð.



Lokað verður föstudaginn 1. maí, á frídegi verkalýðsins.

Kveðja, starfsfólk

Álfasala SÁÁ 6. til 10. maí.



Við munum ganga í hús og selja álfinn.
Verðum með posa.

Puríður Helga og Hulda Björk.

Vortónleikar Tónlistarskóla Mývatnssveitar.

Vortónleikar tónlistarskólans verða
miðvikudaginn 6. maí kl. 17:00.

Allir velkomnir.

Skólastjóri



Nú er komið að því! Tapazveisla í Selinu!

9. maí munum við bjóða upp á Tapazveislu þar sem að Húsvíkingarnir Guðni Braga og Hjalli Ingimars munu halda uppi stuðinu.

16. maí verður önnur Tapazveisla og mun „Tveiki Íslands (ekki einleikið)“, Dalamennirnir Knútur Emil Jónsson og Pétur Ingólfsson sjá um að spila ljúfa tóna fram í vorbjarta nóttina. Í tilefni af opnum á nýrri móttöku og veitingasölum munum við bjóða öllum upp á fordrykk við komuna.

Verð í Tapazveisluna eru kr. 6.900,- á mann.

Gistitilboð aðeins kr. 12.900,- tveggja manna herbergi og 10.900,- fyrir eins manns herbergi.

Morgunverðarhlaðborð innifalið.

Ekki missa af gleðinni!



Kaldir réttir

Tómat mozzarella „bruchetta“ á toast melba - Ratatouille grænmeti á timjan ristadri kartöfluskifu - Reykt hreigna á ristudu braudi með piparrót - Nautapynnurúlla fyllt með kryddduðum rjómaosti - Hvítvins- og kryddsteikt risarækja á spjoti - Kartöflu og blaðlaukssúpa

Volgir/heitir réttir

Léttsteikt gæsabringa með kryddjurta rauðlauksmarmelaði - Risotto-grænmetiskróketta með hvítlauksmajónesi
Suðrænt sjávarréttaspjót - Piprað nautafillet á spjoti með bernaïse-majónesi - Hægeldað lambakjötssalat með trufflum og ruccola
Grilluð hörpúskel á spjoti

Eftiréttir

Walrona súkkulaði bollar með rjómatopp - súkkulaði og myntu skyrkaka - eplartart með karmellúsósu

Nánari upplýsingar á Sel-Hótel Mývatni s. 464 4164 eða myvatn@myvatn.is



MENNINGARMÍÐSTÖÐ ÞINGEYINGA

Ljósmyndasafn Þorsteins Jósepssonar.

Fyrirlestur í Safnahúsinu á Húsavík fimmtudaginn 7. maí kl. 13:00.

Inga Lára Baldvinsdóttir safnvörður á Ljósmyndasafni Íslands segir frá Þorsteini og ljósmyndasafni hans. Inga Lára Baldvinsdóttir hefur starfað við ljósmyndavæðis í Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni um langt árabíl. Á þeim vettvangi hefur hún unnið að ljósmyndasýningum, gefið út og ritstýrt ljósmyndabókum og skrifað greinar um ljósmyndasögu.

Sýningin „Svipmyndir eins augnabliks“, farandsýning frá Þjóðminjasafni Íslands á verkum Þorsteins Jósepssonar stendur nú yfir í sýningarsal í Safnahúsinu. Safn Þorsteins (1907-1967) er eitt stærsta, merkasta og heildstæðasta einkasafn frá síðustu öld sem varðveitt er í Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni. Inga Lára ritstýrði útgáfu rits Þjóðminjasafns Íslands um verk Þorsteins, sem gefið var út í tengslum við sýninguna.

Enginn aðgangseyrir – allir velkomnir

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



Breyting á deiliskipulagi verslunar- og þjónustuvæðis við Dimmuborgir

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti þann 15. apríl 2015 að auglýsa skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi verslunar- og þjónustuvæðis við Dimmuborgir í Mývatnssveit

Svæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 sem **338-V**, verslunar- og þjónustuvæði, samtals 2,9 ha að stærð. Helstu breytingar frá gildandi deiliskipulagi eru eftirfarandi: Byggingarreitir þjónustuhúss er stækkaður og heimilt verður að reisa stakt salernishús innan reitsins til viðbótar við núverandi veitinga- og þjónustuhús. Gerð er tillaga að nýju bílastæði fyrir rútur og stærri bíla og mörkum deiliskipulagssvæðisins er breytt lítillega þannig að þau falli betur að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Tillöguuppráttur með greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, frá og með föstudeginum 17. apríl 2015 með athugasemdafresti til og með föstudeginum 29. maí 2015. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Skútustaðahrepps: <http://www.myv.is>, undir skipulagsauglýsingar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 29. maí 2015. Skila skal athugasemdum skriflega til skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6 660 Mývatn og/eða í tölvupósti á netfangið: bjarni@thingeyjarsveit.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast henni samþykkir.

Allar nánari upplýsingar veitir undirritaður.

Bjarni Reykjalin,

skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps